



Reykjavík, 2. júlí 2020  
R11060102  
6610  
ívs

## Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - stefna um íbúðarbyggð**

Á fundi borgarráðs þann 2. júlí 2020 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. júlí 2020, sbr. samþykkt skipulags- og samgönguráðs frá 1. júlí 2020 á auglýsingu á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna stefnu um íbúðarbyggð, ásamt fylgiskjölum.

Borgarráð samþykkti erindið með fjórum atkvæðum borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn þremur atkvæðum borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokkssins.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokkssins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Hér er um ólíka reiti að ræða í einni tillögu. Um suma þeirra ríkir mikil sátt, svo sem mikilvæg uppbyggingartækifæri í Breiðholti, en aðra ekki. Hér er verulegt byggingarmagn á ákveðnum reitum en auk þess er verið að skipuleggja reiti sem ætlaðir voru til samgöngubóta svo sem gatnamót Háaleitisbrautar og Miklubrautar. Vegna þessa er ekki heppilegt að tekin sé ákvörðun um stefnu um jafn ólíka reiti í heild sinni. Heppilegra hefði verið að taka ákvörðun um hvern reit.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Við stækkan kjarnans í Arnarbakka þarf að huga að samgöngum við kjarnann. Núverandi bílvegur liggar framhjá skóla og er þróngur. Í núverandi standi ber hann ekki mikla umferð. Skýra þarf því hvernig almennингssamgöngur, bíla og hjólaumferð tengist áformunum. Núverandi staða hjólastíga gefur færi á að auka virkni þeirra t.d. með því að lagfæra legu að hluta og fjarlægja óþarfa hindranir svo sem tröppur og þróngar 90 gráðu beygjur. Svipað gildir um hina kjarnana í Breiðholtu og að frekari uppbygging þeirra kallar á þægilegar vistvænar samgöngur. Stígarnir í Breiðholti henta eins og er miklu frekar gangandi umferð en umferð á hjólum. Venjuleg hjól,

rafknúin hjól, hlaupahjól og sambærilegt önnur rafknúin tæki eru og munu vera hluti af samgöngukerfi borgarinnar. Þess vegna þarf að bæta núverandi göngustígakerfi með tilliti til þess



Helga Björk Laxdal  
e.u.